



Stjórnarráð Íslands
Innniðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2022
Tilv.: IRN22030026/

Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs Isavia frá 21. janúar sl. varðandi flugöryggi á Reykjavíkurflugvelli. Í því er farið yfir aðstæður sem séu að skapast á flugvellinum vegna framkvæmda og uppbyggingar af hálfu Reykjavíkurborgar við flugvöllinn. Sérstaklega er vísað til framkvæmda sem fyrirhugaðar séu við uppbyggingu svonefnds Nýja Skerjafjarðar og sem Isavia telur að skerði flugöryggi á vellinum.

Isavia fer með rekstur Reykjavíkurflugvallar f.h. íslenska ríkisins á grundvelli þjónustusamnings við ráðuneytið. Í honum felst m.a. að félagið fer með stjórnun og skipulag á flugvallarsvæðinu í samræmi við loftferðalög og reglugerð um flugvelli. Með vísan til þess ber Isavia f.h. íslenska ríkisins að tryggja flugöryggi á Reykjavíkurflugvelli og rekstraröryggi hans. Þá fer Samgöngustofa með eftirlit með öryggi flugvallarins á grundvelli loftferðalaga og reglna setra á grundvelli þeirra, þ.m.t. skipulagsreglna fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að fyrirhugaðar framkvæmdir Reykjavíkurborgar við Skerjafjörð séu til þess fallnar að skerða flugöryggi og draga úr rekstraröryggi flugvallarins. Þá kunni þær jafnvel að valda því að viðkomandi flugbraut uppfylli ekki lengur öryggisstaðla.

Í nóvember 2019 gerðu ráðherra og borgarstjóri með sér samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Er í því sérstaklega áréttar að rekstraröryggi á Reykjavíkurflugvelli verði tryggt á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur. Er m.a. miðað við að Reykjavíkurflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til að nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Þá skuldbatt Reykjavíkurborg sig samkvæmt samkomulaginu til að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi til samræmis við þetta.

Það er engum vafa undirorpíð að hvers kyns framkvæmdir eða aðrar aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar sem skerða rekstraröryggi flugvallarins eru í andstöðu við framangreint samkomulag. Rekstraröryggi flugvallarins felst m.a. í því að nýtingarmöguleikar flugbrauta séu ekki skertir, hvort sem er með þrengingu öryggissvæða, hindrunum eða annarri skerðingu á flugskilyrðum og flugöryggi.

Því óskar ráðuneytið eftir því að Reykjavíkurborg upplýsi hvaða framkvæmdir séu fyrirhugaðar á þessu svæði og með hvaða hætti borgin hyggist tryggja að þær hafi hvorki áhrif á flugöryggi né rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar. Þá stöðvi Reykjavíkurborg allar slíkar framkvæmdir þar til staðfest verði með fullnægjandi hætti að flugöryggi og rekstraröryggi flugvallarins sé tryggt. Er þess óskað að svar Reykjavíkurborgar berist ráðuneytinu eigi síðar en 25. mars nk.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ragnhildur Hjaltadóttir



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Ljósrit: Isavia
Samgöngustofa